


# Mars 2007

Nr. 3/2007

16. apríl 2007

## Staða á vinnumarkaði í marsmánuði 2007

Skráð atvinnuleysi í mars 2007 var 1,3% eða að meðaltali 1.934 manns sem eru 103 færri en í febrúar sl. og minnkaði um 5% milli mánaða. Atvinnuleysi er minna en á sama tíma fyrir ári þegar það var 1,5%, en ef litið er til mars 2006 hefur fækkað um 249 í hópi atvinnulausra, eða um 11%.



Atvinnuleysi minnkaði á höfuðborgarsvæðinu um 2,8%, og nokkru meira á landsbyggðinni eða um 7,5%. Atvinnuleysi kvenna mældist 1,6% og karla 1%. Atvinnuleysi karla minnkaði um 5% og tæplega 4,8% meðal kvenna. Meðal karla kemur fækkunin fyrst og fremst fram á landsbyggðinni en fækkunin skiptist svipað milli landsbyggðar og höfuðborgar meðal kvenna. Um 19% atvinnulausra í mars var ungt fólk á aldrinum 16-24 ára eða litlu minna en í febrúar sl. (um 20%). Fjöldi þeirra sem hafa verið á skrá í innan við 3 mánuði minnkaði lítilsháttar í mars en talsverð hreyfing hefur verið á atvinnuleysisskrá undanfarið. Þeim sem verið hafa á skrá lengur en 6 mánuði fjölgar hins vegar úr 599 í 655.

Aðeins voru gefin út 82 ný atvinnuleyfi í mars til íbúa utan hins Evrópska efnahagssvæðis. Nýskráningar ríkisborgara frá nýju ríkjum ESB voru 411, eða samtals 493. Til samanburðar voru gefin út 550 ný atvinnuleyfi í mars 2006, þegar íbúar nýju ríkjanna þurftu atvinnuleyfi til að koma hingað til starfa og því um nokkra fækkun að ræða milli ára.

## Vísendingar um atvinnuástandið í apríl

Oft byrjar að draga úr atvinnuleysi í apríl. Atvinnuleysið minnkaði úr 1,5% í 1,3% í apríl á síðasta ári og úr 2,6% í 2,3% árið 2005.

Lausum störfum í lok mars 2007 fjölgaði talsvert frá lokum febrúar en alls voru 414 laus störf í lok mars, en 303 í lok febrúar. Hins vegar voru 792 laus störf í lok mars 2006.

Auk þess fækkaði atvinnulausum í lok mars frá lokum febrúar um 105.

Þegar allt er talið er því líklegt er að atvinnuleysið í apríl muni minnka og verða á bilinu 1,1%-1,4%.


## Atvinnuleysi eftir búsetu og kyni

Atvinnuleysi á höfuðborgarsvæðinu er nú 1,1% af áætluðum mannafla og 1,6% á landsbyggðinni. Á landsbyggðinni er atvinnuleysið mest 2,9% á Suðurnesjum, en minnst er atvinnuleysið á Austurlandi 0,5%. Atvinnuleysi karla minnkaði um 5,3% milli mánaða og atvinnuleysi kvenna um 4,8%.

Atvinnuleysi á höfuðborgarsvæðinu var 1,1% í febrúar s.l. og minnkar um 2,8%. Á landsbyggðinni var atvinnuleysi 1,7% í febrúar og minnkaði um 7,5% milli mánaða. Lítilsháttar aukning var á Vesturlandi og Vestfjörðum, en minnkaði aðallega á Norðurlandi eystra, Suðurlandi og Suðurnesjum.

Atvinnuleysi kvenna er minnst á Austurlandi 1%, en mest á Suðurnesjum 4,6% og 2,8% á Norðurlandi eystra. Atvinnuleysi karla er mest á Suðurnesjum 1,7% en minnst á Vestfjörðum og Austurlandi 0,3%.

### Atvinnuleysi eftir landshlutum og kyni í mars 2007



### Mæling skráðs atvinnuleysis


Í marsmánuði síðastliðnum voru skráðir 42.540 atvinnuleysis dagar á landinu öllu sem jafngilda því að 1.934 manns hafi að meðaltali verið á atvinnuleyssiskrá í mánuðinum. Áætlaður mannaflá á vinnumarkaði skv. áætlun Efnahagsskrifstofu fjármálaráðuneytis í mars 2007 er 154.493. Skráð atvinnuleysi er mælt á þann veg að fjöldi atvinnuleysisdaga er umreiknaður í meðalfjölda einstaklinga, þar sem allir dagar í hverjum mánuði eru taldir nema laugardagar og sunnudagar og útkomunni deilt í áætlaðan mannafla á vinnumarkaði í hverjum mánuði sem út er gefin í upphafi hvers árs af efnahagsskrifstofu fjármálaráðuneytis.

## Breytingar á fjölda atvinnulausra í lok mánaðar

Í lok marsmánaðar voru 2.075 manns á atvinnuleysissskrá á landinu, 929 karlar og 1.146 konur. Atvinnulausum í lok marsmánaðar fækkaði um 105 miðað við lok febrúar. Færri voru á skrá í lok mars 2007 en á sama tíma árið 2006 og munar þar 342. Atvinnulausum konum fækkaði um 266 miðað við mars 2006 en körlum fækkaði um 76.

## Fjöldi atvinnulausra í febrúar og mars frá 1998 til 2007

Fjöldi atvinnulausra í mars m.v. febrúar minnkaði um 5%. Árið 2006 fækkaði um 6,6% milli þessara mánaða, og á árinu 2005 fækkaði um 8,6% milli sömu mánaða. Hins vegar fjölgaði atvinnulausum hlutfallslega mest á tímabilinu árið 1999 eða um 8% milli mánaðanna.




## Hlutastörf

Samtals voru 257 af þeim sem voru skráðir atvinnulausir í lok mars í hlutastörfum, þ.e.a.s. þeir sem eru í reglulegum hlutastörfum eða með tilfallandi eða tímabundið starf á síðasta skráningardegi í mars. Þetta eru um 12% af þeim sem voru skráðir atvinnulausir í lok mars.


## Atvinnuleysi eftir aldri atvinnulausra

Í mars s.l. voru alls um 19% allra atvinnulausra á aldrinum 16-24 ára, eða sama og í mars 2006. Alls var 401 atvinnulaus einstaklingur atvinnulaus á aldrinum 16-24 ára í mars s.l. en 467 í mars 2006. Í febrúar s.l. voru alls 427 á aldrinum 16-24 ára atvinnulausir. Fjöldi atvinnulausra 16-24 ára var að meðaltali um 18% allra atvinnulausra á árinu 2006 en 21% árið 2005 og hefur því lækkað umtalsvert milli ára í takt við minnkandi atvinnuleysi.



## Atvinnuleysi eftir lengd

Langtímaatvinnulausir (yfir 6 mánuði) voru um 32%, eða 655 í mars s.l. en voru 682 eða 28% í mars 2006. Í febrúar s.l. voru 599 langtímaatvinnulausir eða 27% af öllum atvinnulausum. Á árinu 2006 voru að meðaltali 27% atvinnulausra langtímaatvinnulausir en 30% árið 2005 og 31% árið 2004.



## Atvinnuleysi eftir atvinnusvæðum

### Atvinnuleysi á höfuðborgarsvæðinu

Meðalfjöldi atvinnulausra á höfuðborgarsvæðinu í mars var 1.029 eða 1,1% af áætluðum mannafla.

Atvinnuleysið minnkaði um 2,8% milli mánaða. Að meðaltali eru nú um 53% atvinnulausra á landinu öllu á þessu svæði. Atvinnulausum körlum hefur fækkað að meðaltali um 5 og atvinnulausum konum um 24 frá febrúarmánuði.

Atvinnuleysi kvenna á höfuðborgarsvæðinu var 1,1% í mars en 1,2% í febrúar sl. Atvinnuleysi karla var 1% í mars eða sama og í febrúar.

### Atvinnuleysi á landsbyggðinni

Atvinnuleysið á landsbyggðinni minnkaði lítils háttar milli febrúar og mars s.l. Atvinnuleysið í mars var 1,6% af mannafla á landsbyggðinni en 1,7% í febrúar s.l.

Atvinnuleysi karla á landsbyggðinni var 1% í mars en 1,1% í febrúar s.l. og atvinnuleysi kvenna á landsbyggðinni var 2,5% í mars en 2,6% í febrúar s.l.

### Atvinnuleysi á Vesturlandi

Meðalfjöldi atvinnulausra á Vesturlandi var 73 í mars eða 1% af áætluðum mannafla en var 0,9% í febrúar sl. Atvinnulausum á svæðinu fjölga um 7 að meðaltali milli mánaða. Atvinnuleysi karla mælist nú 0,5%, eða sama og í febrúar s.l. Atvinnuleysi kvenna mælist nú 1,6% en var 1,5% í febrúar s.l. Atvinnulausar konur eru 49 og hefur fjölgað um 5 og atvinnulausum körlum hefur fjölgað um 2 og eru 24.

### Atvinnuleysi á Vestfjörðum

Meðalfjöldi atvinnulausra á Vestfjörðum var 31 í mars eða 0,8% af áætluðum mannafla á Vestfjörðum en var 0,7% í febrúar s.l. Fjöldi atvinnulausra hefur aukist um 4 milli febrúar og mars. Atvinnuleysi kvenna var 1,6% í mars en var 1,4% í febrúar s.l. og atvinnuleysi karla var 0,3% í mars og sama í febrúar s.l. Atvinnulausir karlar voru 7 í mars en 6 í febrúar s.l. en atvinnulausar konur voru 24 eða 3 fleiri en í febrúar s.l.

### Atvinnuleysi á Norðurlandi vestra

Meðalfjöldi atvinnulausra var 30 í mars eða 0,8% en 0,9% í febrúar s.l.


Atvinnulausum körlum fækkaði um 2 frá febrúar en fjöldi atvinnulausra kvenna breyttist ekki. Atvinnuleysi karla mældist 0,6% í mars en 0,7% í febrúar s.l. Atvinnuleysi kvenna mældist 1,1% í mars eða sama og í febrúar.

### Atvinnuleysi á Norðurlandi eystra

Meðalfjöldi atvinnulausra í mars var 295 eða 2,1%, en var 2,3% í febrúar sl. Atvinnulausum á Norðurlandi eystra fækkað um 25 milli mánaða. Atvinnulausum körlum fækkaði um 11 og var atvinnuleysi þeirra 1,6% í mars en 1,7% í febrúar s.l. Atvinnulausum konum fækkaði um 14 og var atvinnuleysi þeirra 2,8% en 3,1% í febrúar.

### Atvinnuleysi á Austurlandi

Meðalfjöldi atvinnulausra í mars var 38 eða 0,5% eða sama og í febrúar s.l. Fjöldi atvinnulausra karla er sá sami og mælist atvinnuleysi þeirra 0,3%, eða sama og í febrúar s.l. Atvinnulausum konum hefur fækkað um 3 frá því í febrúar og var atvinnuleysi kvenna í mars 1% en var 1,1% í febrúar s.l.



## Atvinnuleysi á Suðurlandi

Meðalfjöldi atvinnulausra á Suðurlandi var 163 í mars eða 1,4% en var 1,6% í febrúar s.l. Atvinnulausum hefur fækkað um 25 frá febrúar. Atvinnuleysi karla mælist nú 0,8%, en var 1,1% í febrúar s.l. Atvinnuleysi kvenna mælist nú 2,3% en var 2,5% í febrúar s.l. Atvinnulausum körlum fækkar um 18 frá því í febrúar og atvinnulausum konum um 7.


## Atvinnuleysi á Suðurnesjum

Meðalfjöldi atvinnulausra í mars var 275 eða 2,9%, en var 3,2% í febrúar. Atvinnulausum hefur fækkað um 30 að meðaltali frá febrúar. Atvinnulausum körlum hefur fækkað um 18 að meðaltali milli mánaða og atvinnulausum konum um 12. Atvinnuleysi karla mælist nú 1,7% en 2,1% í febrúar og atvinnuleysi kvenna mælist nú 4,6%, en var 4,9% í febrúar s.l.

## Störf í boði

Laus störf hjá vinnumiðlunum í lok mars voru 414 og hafði þá fjölgað úr 303 frá lokum febrúar. Þetta er fjölgun um 111 störf.

Lausum störfum fjölgaði mest á Austurlandi eða úr 72 störfum í 139 og á Norðurlandi vestra úr 25 störfum í 37. Eftirfarandi sýnir laus störf eftir landshlutum í lok mars 2007, lok febrúar 2007 svo og í lok mars 2006. Einnig er þar greining eftir starfsstéttum.



### Laus störf eftir starfsstéttum

| Svæði:      | mar. '07 | feb. '07 | mar.06 | Stjórnumdur                    | mar. '07   | feb. '07   |
|-------------|----------|----------|--------|--------------------------------|------------|------------|
| Höfuðb.sv.  | 69       | 62       | 143    | Sérfræðingar                   | 8          | 1          |
| Vesturland  | 15       | 17       | 40     | Tæknafræðingar                 | 19         | 3          |
| Vestfirðir  | 11       | 5        | 39     | Tæknafræðingar                 | 25         | 18         |
| Norðurl.v   | 37       | 25       | 26     | Skrifst.fólk                   | 22         | 17         |
| Norðurl.e   | 23       | 24       | 52     | Sölu-afgreiðslufólk            | 133        | 109        |
| Austurland  | 139      | 72       | 264    | Bændur-fiskimenn               | 10         | 10         |
| Suðurland   | 44       | 23       | 93     | Iðn.menn-sérh.fiskvinnslufólk. | 74         | 64         |
| Suðurnes    | 76       | 75       | 135    | Véla-vélg.fólk                 | 18         | 11         |
| Landið allt | 414      | 303      | 792    | Ósérhæft starfsfólk            | 105        | 70         |
|             |          |          |        | <b>Alls</b>                    | <b>414</b> | <b>303</b> |

## Útgefin atvinnuleyfi og fjöldi tilkynninga um starfsfólk frá 8 nýjum ríkjum Evrópusambandsins

Þann 1. maí 2006 voru felldar niður aðgangstakmarkanir að íslenskum vinnumarkaði fyrir einstaklinga sem koma frá 8 af nýjum ríkjum Evrópusambandsins, þ.e. frá Eistlandi, Lettlandi, Litháen, Póllandi, Slóvakíu, Slóveníu, Tékklandi og Ungverjalandi. Einstaklingar frá þessum löndum þurfa því ekki lengur atvinnuleyfi til þess að starfa á íslenskum vinnumarkaði. Hins vegar ber fyrirtækjum sem ráða til sín einstaklinga frá þessum löndum að tilkynna ráðninguna til Vinnumálastofnunar.

Sem fyrr eru í gildi lög um atvinnuréttindi útlendinga sem gilda fyrir íbúa ríkja utan evrópska efnahagssvæðisins. Stærstur hluti atvinnuleyfa fyrir 1. maí síðast liðinn var til íbúa frá einhverju hinna 8 nýju ríkja Evrópusambandsins, einkum Póllands. Við lagabreytingarnar hinn 1. maí varð því eðli máls samkvæmt mikil fækkun útgefna atvinnuleyfa.

## Útgefin atvinnuleyfi

Í meðfylgjandi töflu kemur fram fjöldi útgefinna atvinnuleyfa eftir tegundum leyfa. Fyrstu tveir dálkarnir eru leyfi í mars 2007 og 2006 en þriðji, fjórði og fimmti dálkur er heildarfjöldi leyfa sem veitt voru árin 2004-2006.

| Tegund                | Mars '07 | Mars '06 | 2006  | 2005  | 2004  |
|-----------------------|----------|----------|-------|-------|-------|
| Ný tímabundin leyfi   | 82       | 550      | 2.849 | 3.965 | 1.230 |
| Nýr vinnustaður       | 20       | 38       | 294   | 344   | 212   |
| Framlengd tímab.leyfi | 172      | 177      | 2.019 | 1569  | 969   |
| Óbundin atv.leyfi     | 2        | 21       | 138   | 349   | 781   |
| Námsmannaleyfi        | 12       | 6        | 73    | 96    | 120   |
| Vistráðningarleyfi    | 4        | 4        | 68    | 39    | 39    |
| Sérhæfðir starfsmenn  | 9        | 1        | 45    | 5     | 5     |
| Samtals               | 301      | 797      | 5.486 | 6.367 | 3.356 |

Atvinnuleyfin í mars 2007 skiptast þannig að 82 eru ný tímabundin atvinnuleyfi, 20 á nýja vinnustaði, 172 framlengd atvinnuleyfi, 2 óbundin atvinnuleyfi, 12 námsmannaleyfi voru gefin út, 4 vistráðningarleyfi og 9 leyfi fyrir sérhæfða starfsmenn.

## Skráning starfsmanna frá 8 nýjum ríkjum Evrópusambandsins

Alls bárust 567 skráningar í mars, 411 þeirra eru nýir á íslenskum vinnumarkaði en 156 voru áður með atvinnuleyfi. Frá maí 2006 til mars 2007 hafa borist 5.250 skráningar um einstaklinga sem eru nýir á íslenskum vinnumarkaði. Heildarfjöldi skráninga er hins vegar 6.979 frá 1. maí 2006. Alls hafa 1.161 nýjar skráningar borist í janúar til mars 2007 og 130 ný atvinnuleyfi.

## Tilkynntir starfsmenn á vegum starfsmannaleiga

Þann 1. febrúar 2006 gengu í gildi ný lög um starfsmannaleigur, en með lögnum er starfsmannaleigum skylt að skrá starfsemi sína hjá Vinnumálastofnun og jafnframt að senda upplýsingar um hvern þann sem kemur til vinnu á íslenskum vinnumarkaði fyrir milligöngu starfsmannaleigunnar til Vinnumálastofnunar. Heildarfjöldi tilkynntra starfsmanna frá gildistöku laganna er 1.185 og voru virkir 692 í lok marsmánaðar.

|   | mars '07 | feb. '07 | jan.-mars '07 | 2006  |
|---|----------|----------|---------------|-------|
| Skráningar frá nýjum ESB ríkjum                         | 411      | 401      | 1.161         | 3.999 |
| Ný atvinnuleyfi   | 82       | 20       | 130           | 2.849 |
| Alls skráningar frá nýjum ríkjum ESB og ný atvinnuleyfi | 493      | 421      | 1.291         | 6.848 |

## Tafla 1 Hlutfallslegt atvinnuleysi í mars 2007

|                   | Atvinnuleysi í %<br>af mannafla |        |       | Breytingar frá<br>síðasta mánuði |        |       | Breytingar frá sama<br>mánuði í fyrra |        |       |
|-------------------|---------------------------------|--------|-------|----------------------------------|--------|-------|---------------------------------------|--------|-------|
|                   | Alls                            | Karlar | Konur | Alls                             | Karlar | Konur | Alls                                  | Karlar | Konur |
| Höfuðborgarsvæðið | 1,1                             | 1,0    | 1,1   | 0,0                              | 0,0    | -0,1  | -0,2                                  | -0,2   | -0,4  |
| Landsbyggðin      | 1,6                             | 1,0    | 2,5   | -0,1                             | -0,1   | -0,1  | -0,1                                  | 0,0    | -0,2  |
| Vesturland        | 1,0                             | 0,5    | 1,6   | 0,1                              | 0,0    | 0,1   | 0,2                                   | 0,1    | 0,1   |
| Vestfirðir        | 0,8                             | 0,3    | 1,6   | 0,1                              | 0,0    | 0,2   | -0,8                                  | -0,2   | -1,6  |
| Norðurland vestra | 0,8                             | 0,6    | 1,1   | -0,1                             | -0,1   | 0,0   | -0,7                                  | -0,5   | -1,0  |
| Norðurland eystra | 2,1                             | 1,6    | 2,8   | -0,2                             | -0,1   | -0,3  | -0,6                                  | -0,2   | -1,1  |
| Austurland        | 0,5                             | 0,3    | 1,0   | 0,0                              | 0,0    | -0,1  | -0,2                                  | -0,1   | -0,5  |
| Suðurland         | 1,4                             | 0,8    | 2,3   | -0,2                             | -0,3   | -0,2  | 0,1                                   | 0,1    | 0,1   |
| Suðurnes          | 2,9                             | 1,7    | 4,6   | -0,3                             | -0,4   | -0,3  | 0,7                                   | 0,2    | 1,4   |
| Landið allt       | 1,3                             | 1,0    | 1,6   | 0,0                              | -0,1   | -0,1  | -0,2                                  | -0,1   | -0,3  |

## Tafla 2 Meðalfjöldi atvinnulausra í mars 2007

|                   | Meðalfjöldi atvinnulausra<br>í mánuðinum |        |       | Breytingar frá<br>síðasta mánuði |        |       | Breytingar frá sama<br>mánuði í fyrra |        |       |
|-------------------|--|--------|-------|----------------------------------|--------|-------|---------------------------------------|--------|-------|
|                   | Alls                                     | Karlar | Konur | Alls                             | Karlar | Konur | Alls                                  | Karlar | Konur |
| Höfuðborgarsvæðið | 1.029                                    | 568    | 461   | -29                              | -5     | -24   | -215                                  | -61    | -154  |
| Landsbyggðin      | 905                                      | 338    | 567   | -74                              | -46    | -28   | -34                                   | 3      | -37   |
| Vesturland        | 73                                       | 24     | 49    | 7                                | 2      | 5     | 12                                    | 7      | 5     |
| Vestfirðir        | 31                                       | 7      | 24    | 4                                | 1      | 3     | -30                                   | -5     | -25   |
| Norðurland vestra | 30                                       | 13     | 17    | -2                               | -2     | 0     | -36                                   | -15    | -21   |
| Norðurland eystra | 295                                      | 128    | 167   | -25                              | -11    | -14   | -60                                   | -8     | -52   |
| Austurland        | 38                                       | 14     | 24    | -3                               | 0      | -3    | -21                                   | -9     | -12   |
| Suðurland         | 163                                      | 55     | 108   | -25                              | -18    | -7    | 20                                    | 11     | 9     |
| Suðurnes          | 275                                      | 97     | 178   | -30                              | -18    | -12   | 81                                    | 22     | 59    |
| Landið allt       | 1.934                                    | 906    | 1.028 | -103                             | -51    | -52   | -249                                  | -58    | -191  |

## Tafla 3 Fjöldi atvinnulausra í mars 2007

|                   | Fjöldi atvinnulausra<br>í lok mánaðar |        |       | Breytingar frá<br>síðasta mánuði |        |       | Breytingar frá sama<br>mánuði í fyrra |        |       |
|-------------------|---------------------------------------|--------|-------|----------------------------------|--------|-------|---------------------------------------|--------|-------|
|                   | Alls                                  | Karlar | Konur | Alls                             | Karlar | Konur | Alls                                  | Karlar | Konur |
| Höfuðborgarsvæðið | 1.074                                 | 581    | 493   | -64                              | -27    | -37   | -280                                  | -80    | -200  |
| Landsbyggðin      | 1.001                                 | 348    | 653   | -41                              | -26    | -15   | -62                                   | 4      | -66   |
| Vesturland        | 85                                    | 28     | 57    | 3                                | 2      | 1     | 15                                    | 9      | 6     |
| Vestfirðir        | 36                                    | 6      | 30    | 6                                | 0      | 6     | -33                                   | -4     | -29   |
| Norðurland vestra | 28                                    | 11     | 17    | -8                               | -3     | -5    | -32                                   | -9     | -23   |
| Norðurland eystra | 326                                   | 135    | 191   | -20                              | -7     | -13   | -90                                   | -17    | -73   |
| Austurland        | 41                                    | 14     | 27    | -2                               | 0      | -2    | -30                                   | -10    | -20   |
| Suðurland         | 191                                   | 58     | 133   | -7                               | -4     | -3    | 27                                    | 13     | 14    |
| Suðurnes          | 294                                   | 96     | 198   | -13                              | -14    | 1     | 81                                    | 22     | 59    |
| Landið allt       | 2.075                                 | 929    | 1.146 | -105                             | -53    | -52   | -342                                  | -76    | -266  |

**Tafla 4**

**Fjöldi atvinnulausra í lok mánaðar eftir sveitarfélögum**

*Mars 2007*

|                          | Fjöldi atvinnulausra<br>í lok mánaðar |            |            | Breytingar frá<br>síðasta mánuði |            |            | Breytingar frá<br>fyrra ári |            |             |
|--------------------------|---------------------------------------|------------|------------|----------------------------------|------------|------------|-----------------------------|------------|-------------|
|                          | Allir                                 | Karlar     | Konur      | Allir                            | Karlar     | Konur      | Allir                       | Karlar     | Konur       |
| <b>Höfuðborgarsvæðið</b> |                                       |            |            |                                  |            |            |                             |            |             |
| Garðabær                 | 36                                    | 19         | 17         | -17                              | -6         | -11        | -10                         | 3          | -13         |
| Hafnarfjarðarkaupstaður  | 84                                    | 38         | 46         | -7                               | -4         | -3         | -19                         | -4         | -15         |
| Kjósarhreppur            | 0                                     | 0          | 0          | 0                                | 0          | 0          | -1                          | 0          | -1          |
| Kópavogsbær              | 112                                   | 54         | 58         | -8                               | -5         | -3         | -25                         | -9         | -16         |
| Mosfellsbær              | 25                                    | 6          | 19         | -3                               | 0          | -3         | -11                         | -6         | -5          |
| Reykjavíkurborg          | 787                                   | 448        | 339        | -33                              | -16        | -17        | -211                        | -72        | -139        |
| Seltjarnarneskaupstaður  | 26                                    | 15         | 11         | 5                                | 4          | 1          | 5                           | 10         | -5          |
| Sveitarfélagið Álftanes  | 4                                     | 1          | 3          | -1                               | 0          | -1         | -8                          | -2         | -6          |
| <b>Samtals:</b>          | <b>1.074</b>                          | <b>581</b> | <b>493</b> | <b>-64</b>                       | <b>-27</b> | <b>-37</b> | <b>-280</b>                 | <b>-80</b> | <b>-200</b> |

**Vesturland**

|                            |           |           |           |          |          |          |           |          |          |
|----------------------------|-----------|-----------|-----------|----------|----------|----------|-----------|----------|----------|
| Akraneskaupstaður          | 54        | 17        | 37        | 3        | 0        | 3        | 20        | 7        | 13       |
| Borgarbyggð                | 8         | 2         | 6         | 0        | 0        | 0        | 3         | 1        | 2        |
| Dalabyggð                  | 2         | 2         | 0         | 0        | 0        | 0        | -3        | 1        | -4       |
| Eyja- og Miklaholtshreppur | 1         | 0         | 1         | 0        | 0        | 0        | 1         | 0        | 1        |
| Grundarfjarðarbær          | 8         | 2         | 6         | 0        | 0        | 0        | 4         | 0        | 4        |
| Helgafellssveit            | 0         | 0         | 0         | 0        | 0        | 0        | 0         | 0        | 0        |
| Hvalfjarðarsveit           | 0         | 0         | 0         | 0        | 0        | 0        | 0         | 0        | 0        |
| Skorradalshreppur          | 0         | 0         | 0         | 0        | 0        | 0        | 0         | 0        | 0        |
| Snæfellsbær                | 7         | 2         | 5         | 0        | 1        | -1       | -3        | 2        | -5       |
| Stykkishólmsbær            | 5         | 3         | 2         | 0        | 1        | -1       | -7        | -2       | -5       |
| <b>Vesturland</b>          | <b>85</b> | <b>28</b> | <b>57</b> | <b>3</b> | <b>2</b> | <b>1</b> | <b>15</b> | <b>9</b> | <b>6</b> |

**Vestfirðir**

|                         |           |          |           |          |          |          |            |           |            |
|-------------------------|-----------|----------|-----------|----------|----------|----------|------------|-----------|------------|
| Árneshreppur            | 0         | 0        | 0         | 0        | 0        | 0        | -1         | 0         | -1         |
| Bolungarvíkurkaupstaður | 6         | 1        | 5         | 4        | 1        | 3        | -3         | -2        | -1         |
| Bæjarhreppur Strandas.  | 0         | 0        | 0         | 0        | 0        | 0        | -1         | 0         | -1         |
| Ísafjarðarbær           | 3         | 2        | 1         | 0        | -1       | 1        | -20        | 0         | -20        |
| Kaldrananeshreppur      | 2         | 1        | 1         | 1        | 1        | 0        | -1         | 0         | -1         |
| Reykholahreppur         | 0         | 0        | 0         | 0        | 0        | 0        | 0          | 0         | 0          |
| Strandabyggð            | 5         | 1        | 4         | -1       | 0        | -1       | -2         | -2        | 0          |
| Súðavíkurhreppur        | 3         | 1        | 2         | 0        | 0        | 0        | -4         | 1         | -5         |
| Tálknafjarðarhreppur    | 0         | 0        | 0         | -1       | -1       | 0        | 0          | 0         | 0          |
| Vesturbyggð             | 17        | 0        | 17        | 3        | 0        | 3        | -1         | -1        | 0          |
| <b>Vestfirðir</b>       | <b>36</b> | <b>6</b> | <b>30</b> | <b>6</b> | <b>0</b> | <b>6</b> | <b>-33</b> | <b>-4</b> | <b>-29</b> |

**Tafla 4:**
**Fjöldi atvinnulausra í lok mánaðar eftir sveitarfélögum**
**Mars 2007**

|                             | Fjöldi atvinnulausra<br>í lok mánaðar |           |           | Breytingar frá<br>síðasta mánuði |           |           | Breytingar frá<br>fyrra ári |           |            |
|-----------------------------|---------------------------------------|-----------|-----------|----------------------------------|-----------|-----------|-----------------------------|-----------|------------|
|                             | Allir                                 | Karlar    | Konur     | Allir                            | Karlar    | Konur     | Allir                       | Karlar    | Konur      |
| <b>Norðurland- vestra</b>   |                                       |           |           |                                  |           |           |                             |           |            |
| Akrahreppur                 | 0                                     | 0         | 0         | 0                                | 0         | 0         | -1                          | 0         | -1         |
| Blönduósbær                 | 1                                     | 1         | 0         | 0                                | 0         | 0         | -7                          | -4        | -3         |
| Húnavatnshreppur            | 2                                     | 1         | 1         | 0                                | 0         | 0         | 0                           | 0         | 0          |
| Húnaþing vestra             | 13                                    | 5         | 8         | -4                               | -2        | -2        | -5                          | -1        | -4         |
| Höfðahreppur                | 1                                     | 1         | 0         | 0                                | 0         | 0         | -8                          | -1        | -7         |
| Skagabyggð                  | 1                                     | 1         | 0         | 0                                | 0         | 0         | 0                           | 0         | 0          |
| Sveitarfélagið Skagafjörður | 10                                    | 2         | 8         | -4                               | -1        | -3        | -11                         | -3        | -8         |
| <b>Norðurland vestra</b>    | <b>28</b>                             | <b>11</b> | <b>17</b> | <b>-8</b>                        | <b>-3</b> | <b>-5</b> | <b>-32</b>                  | <b>-9</b> | <b>-23</b> |

**Norðurland-eystra**

|                          |            |            |            |            |           |            |            |            |            |
|--------------------------|------------|------------|------------|------------|-----------|------------|------------|------------|------------|
| Aðaldælahreppur          | 3          | 2          | 1          | 1          | 0         | 1          | 0          | 0          | 0          |
| Akureyrarkaupstaður      | 204        | 92         | 112        | -12        | 1         | -13        | -66        | -15        | -51        |
| Arnarneshreppur          | 0          | 0          | 0          | 0          | 0         | 0          | 0          | 0          | 0          |
| Dalvíkurbyggð            | 22         | 8          | 14         | 1          | 1         | 0          | 4          | 1          | 3          |
| Eyjafjarðarsveit         | 2          | 0          | 2          | -2         | 0         | -2         | -5         | -2         | -3         |
| Fjallabyggð              | 17         | 5          | 12         | -1         | 0         | -1         | -23        | -8         | -15        |
| Grimseyjarhreppur        | 0          | 0          | 0          | 0          | 0         | 0          | 0          | 0          | 0          |
| Grýtubakkahreppur        | 4          | 0          | 4          | 0          | -1        | 1          | 0          | 0          | 0          |
| Hörgárbyggð              | 1          | 1          | 0          | 0          | 0         | 0          | 0          | 0          | 0          |
| Langanesbyggð            | 21         | 8          | 13         | 4          | 2         | 2          | 15         | 6          | 9          |
| Norðurþing               | 33         | 12         | 21         | -9         | -7        | -2         | -12        | -1         | -11        |
| Skútustaðahreppur        | 12         | 4          | 8          | 0          | -1        | 1          | -2         | 0          | -2         |
| Svalbarðshreppur         | 0          | 0          | 0          | 0          | 0         | 0          | 0          | 0          | 0          |
| Svalbarðsstrandarhr.     | 3          | 2          | 1          | -1         | -1        | 0          | 0          | 1          | -1         |
| Tjörneshreppur           | 1          | 0          | 1          | 1          | 0         | 1          | 0          | 0          | 0          |
| Þingeyjarsveit           | 3          | 1          | 2          | -2         | -1        | -1         | -1         | 1          | -2         |
| <b>Norðurland eystra</b> | <b>326</b> | <b>135</b> | <b>191</b> | <b>-20</b> | <b>-7</b> | <b>-13</b> | <b>-90</b> | <b>-17</b> | <b>-73</b> |

## Tafla 4:

## Fjöldi atvinnulausra í lok mánaðar eftir sveitarfélögum

Mars 2007

|                              | Fjöldi atvinnulausra |            |              | Breytingar frá |            |            | Breytingar frá |            |             |
|------------------------------|----------------------|------------|--------------|----------------|------------|------------|----------------|------------|-------------|
|                              | í lok mánaðar        |            |              | síðasta mánuði |            |            | fyrra ári      |            |             |
|                              | Allir                | Karlar     | Konur        | Allir          | Karlar     | Konur      | Allir          | Karlar     | Konur       |
| <b>Austurland</b>            |                      |            |              |                |            |            |                |            |             |
| Borgarfjarðarhreppur         | 3                    | 2          | 1            | 0              | 0          | 0          | -2             | 1          | -3          |
| Breiðdalshreppur             | 1                    | 0          | 1            | -1             | 0          | -1         | -2             | -1         | -1          |
| Djúpavogshreppur             | 3                    | 0          | 3            | -2             | 0          | -2         | -12            | -1         | -11         |
| Fjarðabyggð                  | 9                    | 0          | 9            | -2             | -3         | 1          | 1              | 0          | 1           |
| Fljótsdalshérað              | 7                    | 4          | 3            | 3              | 1          | 2          | -2             | 0          | -2          |
| Fljótsdalshreppur            | 0                    | 0          | 0            | 0              | 0          | 0          | 0              | 0          | 0           |
| Seyðisfjarðarkaupstaður      | 2                    | 2          | 0            | 0              | 1          | -1         | 1              | 2          | -1          |
| Sveitarfélagið Hornafjörður  | 8                    | 1          | 7            | -2             | -2         | 0          | -8             | -6         | -2          |
| Vopnafjarðarhreppur          | 8                    | 5          | 3            | 2              | 3          | -1         | -6             | -5         | -1          |
| <b>Austurland</b>            | <b>41</b>            | <b>14</b>  | <b>27</b>    | <b>-2</b>      | <b>0</b>   | <b>-2</b>  | <b>-30</b>     | <b>-10</b> | <b>-20</b>  |
| <b>Suðurland</b>             |                      |            |              |                |            |            |                |            |             |
| Ásahreppur                   | 0                    | 0          | 0            | 0              | 0          | 0          | 0              | 0          | 0           |
| Bláskógabyggð                | 4                    | 1          | 3            | -2             | 0          | -2         | 0              | 1          | -1          |
| Flóahreppur                  | 3                    | 0          | 3            | -1             | -1         | 0          | 0              | -1         | 1           |
| Grímsnes og Grafningshreppur | 2                    | 0          | 2            | 0              | -1         | 1          | 1              | -1         | 2           |
| Hrunamannahreppur            | 7                    | 3          | 4            | -1             | -1         | 0          | 3              | 2          | 1           |
| Hveragerðisbær               | 14                   | 4          | 10           | -5             | -3         | -2         | 6              | 2          | 4           |
| Mýrdalshreppur               | 1                    | 0          | 1            | -1             | -1         | 0          | 0              | 0          | 0           |
| Rangárþing eystra            | 8                    | 5          | 3            | 1              | 1          | 0          | -1             | -2         | 1           |
| Rangárþing ytra              | 10                   | 1          | 9            | -1             | 0          | -1         | 2              | 0          | 2           |
